



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi

Erindi nr. Þ 135/200
komudagur 15.11.2007

Alþingi
Nefndarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2007
Tilvísun: 200710-0019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, 128. mál, heildarlög.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, 128. mál, heildarlög.

Alþýðusamband Íslands styður framkomið frumvarp í öllum meginatriðum en vill þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum.

Í 2. gr. frumvarpsins er tekið fram að Hagstofan skuli við forgangsörðun verkefna sinna taka mið af: „...þörfum og óskum almennings, atvinnurekstrar og rannsóknar- og menntastofnana fyrir tölfraðilegar upplýsingar.“ Í ljósi þess að verkalýðshreyfingin nýtir sér mikið gögn Hagstofu Íslands við stefnumótun, gerð kjarasamninga, hagspárgerð, rannsóknir ofl. er mikilvægt að verkalýðshreyfingunni verði bætt inn í upptalningu 2. gr. frumvarpsins og þannig tekin af öll tvímæli um að Hagstofan skuli taka mið af þörfum verkalýðshreyfingarinnar.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er Hagstofunni heimilt að krefja stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri um gögn og upplýsingar sem hún þarf til hagskýrslugerðar. Þessi grein er afar mikilvæg til að tryggja aðgang Hagstofunnar að gögnum. Ekki síst er heimild til að krefja stjórnvöld um gögn mikilvæg þar sem Hagstofan hefur t.d. ekki getað bætt upplýsingum um ríkisstarfsmenn inn í launatölfraði sína vegna skorts á gögnum.

Verkefni Hagstofu Íslands hafa vaxið mjög á liðnum árum. Opinberir aðilar, aðilar vinnumarkaðarins, atvinnulífið og skóla- og rannsóknarstofnanir byggja starf sitt í æ ríkara mæli á gögnum hennar. Mikilvægi þess fyrir alla þessa aðila að hafa aðgang að gögnum Hagstofunnar og þá ekki síst í alþjóðlegum samanburði er ómetanlegt. Því telur ASÍ mikilvægt að sjálfstæði Hagstofunnar sé tryggt og að stofnuninni verði skapaður fjárhagslegur rammi til að sinna sínu mikilvæga starfi.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ